

Ársfundur 2008

Skýrsla deildarforseta hönnunar- og arkitektúrdeildar á ársfundi Listaháskóla Íslands 24. nóvember 2008

- starfsárið 2007 - 2008

1 Fyrirkomulag kennslu

Nám í hönnunar- og arkitektúrdeild var með hefðbundnu sniði námsárið 2007-2008. Kennsla fór fram alla morgna á virkum dögum í vinnustofum nemenda í Skipholti 1. Fræði – og tæknigreinakennsla fór fram í kennslustofum, vinnustofum og á verkstæðum, ýmist í Skipholtinu eða í Laugarnesinu. Minniháttar breytingar voru gerðar á einstökum fræði- og tæknigreinum vegna breyttra áherslna.

Nemendur hönnunar- og arkitektúrdeildar 2007-2008 voru 160, 95 konur, 65 karlar. Þannig jókst hlutfall kvenna í hópi nemenda úr 53,8% í 59,4%. 43 voru við nám í arkitektúr, 22 konur og 21 karl, 60 voru í grafískri hönnun, 22 konur og 38 karl, 29 í fatahönnun, allt konur og 28 í vöruhönnun, 21 kona og 7 karlar. Þessar tölur eru fyrir utan erlenda skiptinema.

Vorið 2007 bárust 257 umsóknir í hönnunar- og arkitektúrdeild sem er 20% aukning frá árinu áður. 100 sóttu um skólavist í Grafíska hönnun, 46 í vöruhönnun, 25 í fatahönnun og 87 í arkitektúr.

54 nýnemar hófu nám haustið 2007, 20 í grafík, 11 konur og 9 karlar, 9 hófu nám í vöruhönnun, 7 konur og 2 karlar, 10 hófu nám í fatahönnun, allt konur, og 15 hófu nám í arkitektúr, 9 konur og 6 karlar.

Alls útskrifuðust 35 nemendur frá HA deild með BA próf s.l. vor, 12 í grafískri hönnun, 7 í vöruhönnun, 7 í fatahönnun og 9 í arkitektúr. Eins og öll fyrri árin voru allir prófdómarar erlent fagfólk

2 Kennarar og starfsfólk

Við hönnunar- og arkitektúrdeildina störfuðu tveir prófessorar, þar af einn sem jafnframt gengdi starfi fagstjóra, fjórir fagstjórar sem jafnframt sinntu kennslu, í arkitektúr, vöruhönnun, grafískri hönnun, fatahönnun og í fræðinámi. Þá var starfandi einn umsjónarmaður með textilverkstæði sem jafnframt stundaði kennslu innan deildarinnar. Stundakennarar voru 98 þar af 12 erlendir gestakennarar. Aðrir starfsmenn deildarinnar voru deildarforseti, deildarfulltrúi og þjónustufulltrúi. Þá naut deildin starfskrafta umsjónarmanna verkstæða í Laugarnesi, þ.e. umsjónarmanns trésmíðaverkstæðis, prentverkstæðis og ljósmynda og tölvuvers í nánu og ánægjulegu samstarfi með myndlistardeild. Ein breyting var á föstu starfsliði deildarinnar á síðasta ári. Dóra Ísleifsdóttir fagstjóri í grafískri

hönnun fór í fæðingarorlof og stóð Gunnar Þór Vilhjálmsson vaktina í hennar fjarveru. Eru honum kærlega þökkueð góð störf.

3 Sýningar og viðburðir

Nemendur deildarinnar settu upp tiskusýningu í apríl á veitingastaðnum Apótekinu í Austurstræti, þar sem fjöldi gesta var mættur. Útskriftarsýning var í Apríl 2008 á Kjarvalsstöðum, þar sem nemendur deildarinnar stilltu upp verkefnum sínum ásamt nemendum myndlistardeildar. Í tengslum við sýninguna héldu útskriftarnemar fatahönnunar veglega tiskusýningu í húsakynnum við Skúlagötuna sem áður hýstu Kexverksmiðjuna Frón. Útskriftarsýningin sem var myndarleg stóð yfir í 2 vikur. Samkvæmt upplýsingum kynningarfulltrúa skólans sóttu rúmlega 10 þúsund manns sýninguna á Kjarvalsstöðum, en telst það há tala með hliðsjón af því að sýningin var einungis opin í rúmar tvær vikur.

3ja árs nemar allra námsbrauta fór í 8 daga náms- og kynningarferð til Istanbul í Tyrklandi í september 2007 með fagstjórum sínum. Hópur fatahönnunarnema fór til Parísar í starfskynningu í febrúar og mars. Samstarfsnámskeiðið Samtal var haldið í janúar s.l., en námskeiðið var sameiginlegt verkefni allra deilda skólans, þar sem nemendur unnu hópverkefni undir leiðsögn leiðbeinenda. Námskeiðið var tilraun til að efla ennfrekar starf deildanna og tengja nemendur allra deilda innan skólans betur saman. Ákveðið hefur verið að styrkja og efla þetta samstarf enn frekar og endurtaka þetta námskeið með bættum áherslum. 1. árs nemendur í arkitektúr kynntu Borgarrannsóknarverkefni sitt af Frakkastígnum í Norræna húsinu 10. Apríl s.l. og tóku þátt í sýningu á sama stað sem stóð fram í maí s.l..

Í góðu samstarfi við deildarforseta myndlistardeildar og Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar tók deildarforseti þátt í undirbúningi og framkvæmd alþjóðlegrar ráðstefnu um borgarhönnun og list í opinberu rými undir heitinu "Endurbygging hafnarsvæða og miðborga" s.l. vor, en ráðstefna sjálf var haldin 25. Apríl og 10. Maí s.l.. Alls voru 8 erlendir fyrirlesarar með framsögu, og var mikil aðsókn á báðum dögum ráðstefnunnar sem haldin var í Norræna húsinu.

10 opnir fyrirlestrar voru haldnir á árinu í Skipholtinu, og voru þeir allir vel sóttir.

4 Samstarf

Samstarf við aðra háskóla (innlenda og erlenda) var einkum á vettvangi hinna ýmsu samtaka hönnunar- og arkitektaskóla á Norðurlöndunum og í Evrópu. Cirrus eru samtök hönnunarskóla á norðurlöndunum og Eystrasaltslandanna, og var ársfundur samtakann haldinn í Tallin í Eistlandi í október 2007. Fundinn sóttu fulltrúar 20 skóla og stóð hann í tvo daga. Deildarforseti sótti fund skólastjóra Evrópskra arkitektaskóla EAAE á Krít í September 2007. Á þeim sama fundi var haldinn fundur í Nordisk Arkitekturakademi, sem eru samtök 15 arkitektaskóla á Norðurlöndunum og Eystrasaltslandanna. Ársfundur Nordisk Arkitekturakademi var svo haldinn í Kaupmannahöfn í Maí s.l.

Evrópski hönnunarvettvangurinn Cumulus var haldinn í Bratislava haustið 2007. Guðmundur Oddur Magnússon prófessor í Grafískri hönnun sótti fundinn.

Deildin hélt eins og undanfarin ár markaðskúrs undir vinnuheitinu Markaður og form í samsarfi við Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík á haustönn 2007. Allir nemendur á öðru ári tóku þátt í vel heppnuðu verkefni um skapandi markaðshugmyndir í hönnun á Íslandi. Námskeiðið endaði með kynningu og sýningu í Norræna húsinu 26. október 2007 þar sem nemendur kynntu afrakstur vinnu sinnar fyrir fulltrúum fjárfestingabanka og fagaðila. Fjöldi manns sótti kynninguna og sýninguna þar sem skapandi hugsun og viðskiptalegu innsæi er blandað saman, en sýningin stóð yfir eina helgi. Sérstök dómnefnd veitti verðlaun verðlaun fyrir bestu kynninguna, en verðlaunin voru í boði Klaks Nýsköpunarmiðstöðvar og Nýherja. Fyrir hönd LHÍ stýrði Guðjón Már Guðjónsson verkefninu.

Nemendur á öðru ári í fatahönnun tóku þátt í rannsóknaverkefninu New European Identities in Design (NEID) sem var samstarfsverkefni fjögurra skóla, þ.e. listaháskólanna í Eindhoven, Helsinki og Tallin. Verkefnið fólst í rannsókn á klæðnaði og hefðum sem tengjast skírni, giftingu og dauða. Nemendur heimsóttu alla skóla. Þannig fóru 6 fatahönnuðir LHÍ til hinna skólanna og jafnstór hópur heimsótti LHÍ. Loks lauk þátttöku LHÍ í verkefninu með þátttöku í lokanámskeiði í Helsinki í apríl s.l. þar sem nemendur sem tóku þátt voru samankomnir í uppgjör verkefnisins.

Verkefnið Stefnumót bænda og hönnuða sem Sigríður Sigurjónsdóttir prófessor í vöruhönnun hefur stýrt við deildina undanfarin tvö ár hlaut á árinu stóran styrk úr Tækniþróunarsjóði Rannís sem gerði okkur kleift að halda úti vinnustofu og rannsóknavinnu í Skipholtinu s.l. sumar þar sem 6 vöruhönnunarnemar störfuðu undir leiðsögn að rannsóknaverkefninu. Styrkurinn gerir Sigríði kleift að starfa alfarið að verkefninu veturinn 2008 – 2009 sem er afara ánægjulegt.

Í vor sótti deildin um styrk úr Markáætlun Rannís 2009 – 2015 fyrir verkefnið LAB (landnotkun, arkitektúr og borgarfræði) undir stjórn Sigrúnar Birgisdóttur fagstjóra í arkitektúr og Hildigunnar Sverrisdóttur arkitekts. Markmið rannsóknaklasans LAB er að skapa sterkan vettvang og hvata til þverfaglegs samstarfs um greiningu, rannsóknir og nýsköpun á sviði landnotkunar, arkitektúrs og borgarfræða og að skapa grundvöll fyrir sterkt og virkt tengslanet meðal fagaðila á Íslandi og sambærilegra erlendra aðila og stofnana og leggja grunn að þekkingarsöfnun og rannsóknum á sérstöðu byggðarmyndunar á Íslandi. Verkefnið hlaut því miður ekki náð í þetta sinn fyrir dómnefndinni, en samkeppni um styrki var mikil.

Opinn dagur var haldinn í nóvember 2007 þar sem starfsemi skólans var kynnt og gestum gafst tækifæri til að skoða skólann. Deildarforseti mætti í nokkrar kynningar í framhaldsskólum í landinu þar sem gafst kjörið tækifæri til þess að ræða við starfsfólk, kennara og nemendur framhaldsskóla um undirbúning að námi við hönnunar- og arkitektúrdeild LHÍ.

Alls voru 14 erlendir skiptinemar við deildina þennan vetur, frá Þýskalandi, Svíþjóð, Hollandi, Frakklandi, Tékklandi, Finnlandi, Englandi og Austurríki. 10 nemendur deildarinnar fóru í skiptinám til samstarfsskóla okkar erlendis, til Englands, Hollands, Bandaríkjanna, Austurríkis, Slóveníu, Danmerkur og Finnlands. Skiptinemasamstarfið er ýmist á vegum Erasmus eða á vegum NorpPlús.

5 Aðstaða deildar

Nýr og öflugur þrívíður prentari bættist í tækjasafn skólans s.l. vetur. Er hér um að ræða byltingu fyrir þá nemendur sem vinna við gerð frumgerða á ýmsum hugmyndum sínum, en tækið nýtist jafnframt vel við líkanagerð hjá arkitektum. Áfram var haldið við að endurbæta og styrkja tækjakost verkstæða skólans, allt í samræmi við fjögurra ára áætlun um tækjakaup sem unnin var í góðu samstarfi deildarforseta myndlistardeildar og hönnunar-og arkitektúrdeildar, verkstæðisstjórnum og framkvæmdastjóra skólans. Starfsfólk og nemendur eru afar þakklát fyrir þann velvilja sem þau hafa mætt hjá stjórnendum skólans við þessa styrkingu á tækjakosti deildanna.

6 Stefnumótun og framtíðarsýn

Í samræmi við stefnumótun skólans var unnin undirbúningsvinna að áætlun um meistaranám í arkitektúr. Allri gagnaöflun er lokið og er undirbúningsvinna vegna umsóknar að viðurkenningargögnum vegna meistaranámssins hafin. Fagstjóri í arkitektúr og deildarforseti hafa sameiginlega unnið að þessum undirbúningi. Jafnframt hefur deildarforseti átt fund með rektor arkitektaskólans í Kaupmannahöfn í tvígang um undirbúninginn til að tryggja að gögnin verði sem best undirbúin, en rektor Kaupmannahafnar-skólans situr í umsagnarnefnd Evrópusambandsins um málið.

Deildarforseti sótti ráðstefnu um meistaranám í hönnun á vegum Cirrus samtakanna í Osló í janúar s.l. með það að markmiði að hefja undirbúningsvinnu vegna meistaranáms í hönnun, en undirbúningur er kominn skammt á veg, en nauðsynlegt er að setja kraft í þá vinnu sem fyrst.